

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hverfisgata 71.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 24. september 2010 breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðar nr. 71 við Hverfisgötu. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Mógilsá.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulagsráð Reykjavíkurborgar þann 6. október 2010 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kjalarnes, Mógilsá, vegna nýrrar vegtengingar, gatnamóta og biðstöðvar fyrir almenningsvagna. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Sævarhöfði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulagsráð Reykjavíkurborgar þann 23. september 2010 breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals vegna afmörkunar lóðar fyrir dælustöð fráveitu norðan endurvinnslustöðvar Sorpu að Sævarhöfða. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 26. október 2010.

Ólöf Örvarsdóttir.